

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. P 139/2308

komudagur 6.5.2011



Alþingi  
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir,  
ritari

Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 5. maí 2011

**Efni. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum (hreindýraveiðar) á 139. lögjafarþingi, þskj. 1226 - 707. mál.  
Tilv. 2011040015**

Frumvarpið barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 15. apríl 2011.


Bændasamtök Íslands eru hlynnt því að reglur um útgáfu leyfa fyrir leiðsögumenn með hreindýraveiðum verði skýrðar. Bændasamtökin vilja þó leggja áherslu á mikilvægi þess að reynsla, kunnátta þekking leiðsögumanna, á t.d. staðháttum og þeim lögum og reglugerðum sem um veiðarnar gilda, sé fyrsta flokks. Á það einkum, en ekki eingöngu, við þekkingu þeirra á landamerkjum jarða á viðkomandi veiðisvæði, en hagsmunir landeigenda tengjast með órjúfanlegum hætti því að leiðsögumenn staðsetji með réttum hætti hvar dýrið var fellt, vegna hinna svokölluðu felligjalda. Bændasamtökin leggja áherslu á að þau skilyrði sem leiðsögumenn þurfa að uppfylla til þess að hljóta leyfi Umhverfisstofnunar endurspegli þá kunnáttu og þekkingu sem leiðsögumenn þurfa að hafa til þess að hagsmunir landeigenda verði ekki fyrir borð bornir. Heimamenn eru best til þess fallnir til að leiðsegja með hreindýraveiðum og það er eðlileg og réttmæt krafa landeigenda sem leyfa hreindýraveiðar á landi sínu, að þeir hafi eitthvað um það að segja hverjir ganga þar um með veiðimenn, enda hafa landeigendur forræði yfir eignum sínum. Í því að leyfa ótakmarkaðar veiðar á hreindýrum í eignarlöndum bænda, og þar af leiðandi umferð veiðimanna með skotvopn, felst mikil eftirgjöf á eignarrétti þeirra og því eðlilegt að komið verði til móts við kröfur þeirra um það hverjum er heimilt að veiða þar. Bændasamtökin leggja einnig áherslu á að leiðsögumenn sem hyggjast fella dýr í eignarlandi, hafi samráð við landeigenda áður en haldið er til veiða, þ.e. tilkynni landeigendum fyrir fram um að fyrirhugað sé að halda til veiða í þeirra landi. Það er mikilvægt einkum ef höfð er hliðsjón af t.d. smalamenskum, sem standa hvað hæst á meðan veiðitímabil stendur sem og umferð búfjár og annarri umferð er tengist búrekstri.

Gert er ráð fyrir að óheimilt sé að láta arð af hreindýraveiðum ganga til þeirra sem ekki heimila hreindýraveiðar á landi sínu án takmarkana.

Bændasamtökin leggja áherslu á að tekið verði fullt tillit til hagsmuna landeigenda í þessu samhengi enda þurfa landeigendur að þola mikinn ágang veiðimanna og leiðsögumanna, vegna þessa fyrirkomulags, og hafa ekki úrræði til þess að takmarka aðgengi að landi sínu ætli þeir að fá arð af hreindýraveiðum og felligjöld. Þá er og nauðsynlegt að landeigendur hafi úrræði til þess að takmarka ágang á land sínu vegna hugsanlegs tjóns sem þeir kunna að verða fyrir vegna þessa ágangs veiðimanna, t.a.m. vegna utanvegaaksturs.

Virðingarfyllst

f.h. Bændasamtaka Íslands



Elías Blöndal Guðjónsson lögfr.